



Reykjavík, 27. júní 2024  
USK24050210  
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 27.6.2024 varðandi eftirfarandi mál:

**USK - Klettasvæði - Breyting á deiliskipulagi - Klettagarðar - Landfylling - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 19. júní 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 19. júní 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna stækkunar á landfyllingu Sundahafnar, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Breyting á deiliskipulagi - Klettagarðar Landfylling: Sótt er um útvíkkun á deiliskipulagi fyrir landfyllingu við Klettagarða/Laugarnes. Að gera 4 hektara landfyllingu, fjörutíu þúsund fermetra, er út í hött að mati fulltrúa Flokks fólksins. Hér er valtað yfir lífríki við fjörur og í fjörum. Hvernig ætla skipulagsyfirkvöld að jafna þetta? Með því að fjölga blómakerjum? Með landfyllingu er náttúruleg fjara eyðilögð. Það eru ekki margar fjörur eftir í borgarlandinu. Það segir sig sjálft að þetta gjörbreytir allri ásýnd á svæði sem áður var náttúruleg fjara. Mynd af landfyllingu við Klettagarða er sérlega óaðlaðandi og þar sést hvernig fara á með fjöru sem er náttúruleg.

Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgin hefði alltaf átt að fara í umhverfismat við gerð landfyllinga á þessum stað. Fyrri landfyllingin var samþykkt árið 2019 og sú síðari kom inn í uppfærða útgáfu AR2030, í Aðalskipulag 2040, árið 2022. Þegar fyrri landfyllingin kom var hin ekki á dagskrá en hefði mátt gera ráð fyrir því að Veitur þyrftu að stækka eins og bent var á. Eina landfyllingin sem hefði átt að koma þarna hefði átt að vera fyrir stækkun Veitna. Verðmætt dýralíf, gróðurfar og ásýnd einkennir Laugarnesið og það ber að varðveita til hins ýtrasta. Náttúruminjar á þessum stað hafa mikið varðveislugildi og er fjaran á allri norðurströnd Reykjavíkur vestan Geldinganes ein af óspilltu fjörum borgarinnar. Ekki verður séð að hægt sé minnka sjónmengun og ýmiss



Reykjavík



konar ágang með núverandi skipulagi og telur áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna að taka ætti annan snúning á óafturkræfum framkvæmdum á þessum stað eftir auglýsingu.

Helga Björk Laxdal  
e.u.